

Fimmtudaginn 16. febrúar 1995.

Nr. 325/1992.

Gunnarstindur hf.

(Garðar Garðarsson hrl.)

gegn

Hólma hf.

(Örn Clausen hrl.)

og gagnsök

Kauptilboð. Skip. Tómlæti.

Dómur Hæstaréttar.

Mál þetta dæma hæstaréttardómarnir Hrafn Bragason, Garðar Gíslason, Haraldur Henrysson, Hjörtur Torfason og Pétur Kr. Hafstein.

Aðaláfrýjandi, Gunnarstindur hf., skaut málinu til Hæstaréttar með stefnu 5. ágúst 1992, en með ákvörðun hluthafafundar í Hraðfrystihúsi Stöðvarfjarðar hf. 24. október 1991 hafði félagið verið sameinað aðaláfrýjanda, sem tók við öllum réttindum þess og skyldum. Aðaláfrýjandi krefst þess, að gagnáfrýjandi verði dæmdur til að greiða sér skaðabætur, að fjárhæð 22.359.773 krónur, með dráttarvöxtum samkvæmt III. kafla vaxtalaga nr. 25/1987 frá 22. apríl 1989 til greiðsludags. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi gagnáfrýjanda í héraði og fyrir Hæstarétti.

Gagnáfrýjandi áfrýjaði málinu með stefnu 30. september 1992 og krefst þess, að héraðsdómur verði staðfestur, þó með þeirri breytingu, að sér verði dæmdur málskostnaður í héraði. Þá krefst hann málskostnaðar úr hendi aðaláfrýjanda fyrir Hæstarétti.

Í héraðsdómi er gerð grein fyrir kauptilboði gagnáfrýjanda 15. desember 1988 til aðaláfrýjanda í bv. Álftafell, SU-100. Hljóðaði tilbodið upp á 190.000.000 króna heildarverð skipsins. Í því voru sett fram nokkur skilyrði varðandi ástand skipsins við afhendingu, sem skyldi fara fram 29. desember 1988, og skyldur aðaláfrýjanda í því sambandi. Jafnframt var boðið upp á þann kost, að gagnáfrýjandi tæki að sér að sjá um þessi atriði fyrir ákveðna fjárhæð, sem aðilar kæmu sér saman um, og drægist hún frá kaupverði skipsins.

Með símskeyti aðaláfrýjanda 21. desember 1988, sem óumdeilt er,

að barst gagnáfrýjanda innan tilskilins frests, samþykkti hann tilboðið á þann veg, að hann lýsti sig reiðubúinn til samninga um frádrátt frá kaupverðinu vegna þeirra verka, sem nefnd voru í tilboðinu, og vísaði í því sambandi til afhendingartíma skipsins.

Í framhaldi þessa fóru fram viðræður milli aðila 26. desember 1988 um afslátt af kaupverði, og heldur aðaláfrýjandi því fram, að samkomulag hafi náðst um 5.000.000 króna afslátt. Gegn mótmælum gagnáfrýjanda þykir það ósannað.

Líta verður svo á, að í svari aðaláfrýjanda við kauptilboði gagnáfrýjanda hafi ekki falist neinar þær viðbætur, takmarkanir eða fyrirvarar, sem jafngildi því, að hann hafi hafnað tilboðinu, sbr. 1. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. Mátti gagnáfrýjanda vera það ljóst, að aðaláfrýjandi liti á svar sitt sem samþykki við tilboðinu, og verður ekki séð af gögnum málsins, að gagnáfrýjandi hafi látið í ljós, að hann liti öðruvísi á það, sbr. 2. mgr. 6. gr. laga nr. 7/1936.

Aðaláfrýjandi sendi gagnáfrýjanda símskeyti 30. og 31. desember 1988, þar sem hann áskildi sér rétt vegna ætlaðra vanefnda hins síðarnefnda. Eftir það aðhafðist hann ekkert til að halda rétti sínum til laga í tæplega eitt og hálf ár. Hann seldi skipið öðrum aðila 22. apríl 1989 án þess að gera gagnáfrýjanda viðvart eða áskilja sér rétt til bóta úr hans hendi vegna óhagstæðara söluverðs. Lágu þó ljósar fyrir þær staðreyndir um hækkun eftirstöðva áhvílandi veðskulda, sem aðaláfrýjandi reisir á kröfur sínar í málinu. Loks 14 mánuðum síðar, 15. júní 1990, sendi aðaláfrýjandi gagnáfrýjanda bréf, þar sem hann hafði uppi kröfur þessar. Verður að líta svo á, að aðaláfrýjandi hafi með þessu sýnt svo verulegt tómlæti um gæslu þess réttar, sem hann taldi sig eiga á hendur gagnáfrýjanda, að hann hafi ekki lengur getað haft uppi kröfur vegna viðskiptanna. Verður niðurstaða hins áfrýjaða dóms um sýknu gagnáfrýjanda því staðfest. Rétt þykir og að staðfesta málskostnaðarákvæði hans. Eftir atvikum þykir aðaláfrýjandi eiga að greiða gagnáfrýjanda málskostnað fyrir Hæstarétti, eins og í dómsorði greinir.

Það athugast, að í hinum áfrýjaða dómi var ekki greint frá málsástaðum og lagarökum aðila málsins, sbr. h- og i-lið 1. mgr. 193. gr. þágildandi laga nr. 85/1936 um meðferð einkamála í héraði, nú e-lið 1. mgr. 114. gr. laga nr. 91/1991 um meðferð einkamála.

D ó m s o r ð:

Hinn áfrýjaði dómur á að vera óraskaður.

Aðaláfrýjandi, Gunnarstindur hf., greiði gagnáfrýjanda, Hólma hf., 200.000 krónur í málskostnað fyrir Hæstarétti.

Dómur bæjarþings Eskifjarðar 29. maí 1992.

Mál þetta, sem höfðað var hér fyrir dómi með stefnu, út gefinni 1. maí 1991, var tekið til dóms að loknum munnlegum málflutningi 25. maí 1992.

Stefnandi er Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf., kt. 630169-1869, til heimilis að Stöðvarfirði, Suður-Múlasýslu.

Stefndi er Þorsteinn Sveinsson, kt. 020524-3759, Miðhúsaseli, Fella-hreppi, Norður-Múlasýslu, sem stjórnarformaður Hólma hf., kt. 480272-0569, Strandgötu 39, 735 Eskifirði, f. h. félagsins.

Dómkröfur stefnanda eru þær, að stefndi verði dæmdur til að greiða stefnanda skaðabætur, að fjárhæð 22.359.773 kr., auk dráttarvaxta [svo og málskostnað].

Dómkröfur stefnda eru þær, að stefndi verði sýknaður af öllum kröfum stefnanda og stefnandi verði dæmdur til að greiða stefnda málskostnað [...].

Málavextir eru þeir, að síðla árs 1988 ákvað stjórn stefnanda að selja bv. Álftafell, SU-100, og var skipið auglýst til sölu í framhaldi af þeirri ákvörðun, en stefnandi hafði fengið leyfi til greiðslustöðvunar á þessum tíma, og var þessi aðgerð meðal annars þáttur í því að rétta við fjárhag fyrirtækisins.

Margir sýndu skipinu áhuga, m. a. Útgerðarfélagið Njörður (KEA) á Akureyri, feðgar frá Suðurnesjum, Baldvin Njálsson og sonur hans, Halldór Jónsson frá Súðavík, Jóhannes G. Jónsson, Ísafirði, og Eyþór Jónsson frá Sandgerði, Ásmundur Jóhannsson frá Grindavík, Adolf Guðmundsson, Seyðisfirði, og Þorsteinn Sveinsson, Egilsstöðum, en það bar þannig að, að í byrjun desember 1988 voru þeir Guðjón Smári Agnarsson, þáverandi framkvæmdastjóri stefnanda, og Þorsteinn Sveinsson, stjórnarformaður stefnda, samferða í flugvél frá Reykjavík til Egilsstaða. Barst þá í tal á milli þeirra, að stefnandi hygðist selja umrætt skip, Álftafell, SU-100. Stjórnarformaður stefnda sýndi málinu áhuga, og endaði það með því, að 15. desember 1988 kom tilboð frá stefnda til stefnanda í skipið. Var það fyrst sent á telefaxi og barst síðan bréflega. Tilboðsfjárhæðin var 190.000.000 kr., er greiða skyldi með því að taka við áhvílandi veðskuldum, sem voru áætlaðar um 125.000.000 kr., og síðan með peningum og skuldabréfum, ca. 65.000.000 kr. Í tilboðinu sagði, að það stæði til kl. 17 miðvikudaginn 21. desember 1988.

Í tilboði þessu sagði síðan: „Greiðsla samkvæmt tölulið 4 hækki/lækki eftir fjárhæð áhvílandi veðskulda, eins og þær verða á afhendingardegi skipsins. Kaupandi veit af vanskilum á nokkrum áhvílandi lánnum og samþykkir að taka við þeim þannig og semja sjálfur um greiðslu vanskila.

Skipið afhendist með athugasemdalausum haffærisskírteini til næstu 12 mánaða og án kvaða frá flokkunarfélagi.

Seljandi skal fyrir afhendingu hafa tekið skipið í slipp, botnhreinsað, zinkað og málað samkvæmt venju. Auk þess mála bol, ofan þilfars, millidekk og lest.

Við upptöku skipsins skal seljandi láta framkvæma bolskoðun í viðurvist tryggingafélags þess og mun kaupandi einnig hafa fulltrúa Tryggingamiðstöðvarinnar hf. viðstaddan.

Að öðru leyti skal skipið afhent í núverandi ástandi, sem kaupandi hefur kynnt sér við skoðun. Kaupanda er kunnugt um væntanlega viðgerð, sem gera þarf á aðalvél skipsins, og mun sjálfur sjá um hana, en seljandi bera þann kostnað, sem af hlýst.

Að öðrum kosti getur kaupandi tekið að sér að sjá um ofantalin verk fyrir ákveðna upphæð, sem samningsaðilar koma sér saman um, og komi síu upphæð til frádráttar kaupverði skipsins. Skipið verði afhent í höfn á Stöðvarfirði þann 29. desember 1988.

Veidarfæri skipsins fylgi með í kaupunum. Skipinu fylgi einn umgangur af kössum. Auk þess fylgi því allir varahlutir og annar búnaður, sem keyptur hefur verið til skipsins og telst til útbúnaðar þess, hvort sem hann er um borð í skipinu eða á landi. Fiskveiðiréttindi skipsins skulu fylgja því, að því marki sem slík réttindi verða framseld.

Tilboðið stendur til kl. 17.00 miðvikudaginn 21. desember 1988.

Verði tilboðinu tekið, skal kaupsamningur gerður hið fyrsta. Afsal verði gert við lokagreiðslu útborgunar. Kaupandi greiði allan kostnað við stimplun og þinglýsingu afsals fyrir skipinu og verðbréfs/verðbréfa.“

Tilboð þetta var, eins og áður sagði, dagsett 15. desember 1988, undirritað af Aðalsteini Jónssyni f. h. stefnda og vottað af þeim Þorsteini Kristjánssyni og Magnúsi Bjarnasyni. Áður en tilboðið var gert, hafði stefndi látið skoða skipið í höfn á Stöðvarfirði. Stjórn stefnanda ákvað að ganga að tilboði þessu, og að morgni 21. desember var stefnda sent símskeyti þessu til staðfestingar. Umrætt símskeyti er svohljóðandi:

„Hrað Hólmi hf., bt. Aðalsteinn Jónsson og Emil Thorarensen, Strandgötu 39, Eskifirði. Tilboð yðar dags. 15. 12. 1988 í Álftafell, SU-100, er hér með samþykkt vegna afhendingar 29. 12. 1988. Er umbjóðandi minn tilbúinn til samninga við yður um frádrátt af kaupverði vegna slíptöku máln-

ingarvinnu og viðgerðar á vél sem ekki er hægt að framkvæma fyrr en í janúar 1989.

F. h. Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar,
Vilhjálmur H. Vilhjálmsson.“

Næst gerist það í málinu, að forsvarsmenn aðila, þ. e. þeir Aðalsteinn Jónsson, Guðjón Smári Agnarsson, Þorsteinn Kristjánsson, Ingimar Jónsson og Emil Thorarensen, koma saman til fundar 26. desember 1988 (á annan í jólum) á heimili Aðalsteins Jónssonar á Eskifirði. Á þessum óformlega fundi kom það fram, að stefnandi vildi lækka kaupverð skipsins um 5.000.000 króna gegn því, að stefndi tæki að sér allar viðgerðir á skipinu, sem krafist hafði verið í tilboðinu, og að auki viðgerðina, sem gera þurfti á aðalvél skipsins og alls óvíst væri, hversu umfangsmikil væri eða hver kostnaður yrði. Ekki virðist stefnandi hafa verið til viðræðu um frekari lækkun.

Næsta dag, 27. desember 1988, ræddi Aðalsteinn Jónsson við stjórnarmenn stefnda og skýrði þeim frá ofangreindum hugmyndum stefnanda. Stjórnarmenn stefnda hafa sagt, að þeir hafi ekki talið þetta fýsilegan kost, enda töldu þeir eftir upplýsingum, sem þeir höfðu fengið, m. a. frá áhöfn skipsins, að ekki myndi kosta undir 10–12 milljónum króna að lagfæra það, sem krafist var í upphaflega tilboðinu, og því kæmi ekki til greina að samþykkja þessar hugmyndir stefnanda.

Forsvarsmenn stefnda, þeir Aðalsteinn Jónsson og Þorsteinn Kristjánsson, áttu síðan fund um mál þetta 28. desember 1988 síðla dags ásamt Magnúsi Bjarnasyni, framkvæmdastjóra Hraðfrystihúss Eskifjarðar hf., og voru menn sammála um, að ekki væri hægt að ganga að hugmyndum stefnanda, enda hafði legið ljóst fyrir eftir fundinn á heimili Aðalsteins Jónssonar 26. desember 1988, að stefnandi væri ófáanlegur til að lækka kaupverðið um meira en þessar fimm milljónir króna. Þetta styðst við bókun frá stjórnarfundum stefnanda frá 28. des. 1988.

Pennan sama dag, 28. desember 1988, hringdi Aðalsteinn Jónsson til stjórnarformanns stefnda, Þorsteins Sveinssonar á Egilsstöðum, og tilkynnti honum, að það væri samdóma álit nánustu samstarfsmanna sinna og stjórnarmanna stefnda, að enginn grundvöllur væri fyrir kaupum stefnda á skipinu.

Eftir þetta hringdi Þorsteinn Sveinsson til Vilhjálms H. Vilhjálmssonar og tjáði honum, að ekki gæti orðið af kaupunum, en spurði hann jafnframt að því í leiðinni, hvort einhver eftirmál yrðu í sambandi við þetta. Hafi Vilhjálmur svarað, að engin eftirmál yrðu, en hann þyrfti að senda mótmæli „pro forma“. En Þorsteinn hefur sagt, að hann hafi gert sér grein fyrir, að einhver eftirmál gætu orðið og sér þótt öruggara að nefna þetta.

Í tengslum við þær samningsumleitanir, sem hér að framan eru raktar, útbjó Vilhjálmur H. Vilhjálmsson kaupsamning, sem sendur var á telefaxi 28. desember 1988 forsvarsmönnum stefnda, að því er stefnandi hefur sagt, til yfirlestrar, og hafi efni hans verið rætt símleiðis við Þorstein Sveinsson og Aðalstein Jónsson. Daginn eftir hafi samningurinn verið sendur sérstaklega með Flugleiðum til Þorsteins Sveinssonar á Egilsstöðum.

Fram hefur komið, að samningurinn hafi ekki sætt neinum efnislegum atugasemdum af hálfu stefndu, en samningur þessi var aldrei undirritaður.

Í samningi þessum kemur fram, að greiða átti 20 milljónir af kaupverði við afhendingu skipsins, en 10 milljónir 6. janúar 1989, en þetta bendir til þess, að einhverjar samningaviðræður hafi farið fram á milli aðila um það, hvernig fyrirkomulag átti að vera, en gegn andmælum stefndu verður ekki fullyrt nánar um það, með hvaða hætti þetta gerðist.

Hinn 30. desember 1988 kl. 11.00 var af hálfu stefnanda sent svohljóðandi símskeyti frá Vilhjálmi H. Vilhjálmsyni til stefndu: „Með símskeyti 21. þ. m. var tilboði yðar í mb. Álftafell, SU-100, samþykkt og bindandi samningur um kaupin kominn á. Hinn 27. þ. m. varð samkomulag um 5 milljónir kr. til frádráttar kaupverði vegna slíptöku vélaviðgerðar og fleira og kaupsamningi breytt í samræmi við það.“

Þér hafið ekki borgað umsamda peningagreiðslu, kr. 20 milljónir, eða sótt skipið.

Skipið var tilbúið til afhendingar á Stöðvarfirði umsaminn dag, 29. þ. m., og er frá þeim degi á yðar ábyrgð.

Verði umbjóðandi minn fyrir tjóni vegna tafa af yðar hálfu, t. d. vegna áfallinna vaxta eða hækkunar lána frá 29. 12. 1988, er áskilinn réttur til skaðabóta.“

Hinn 31. desember 1988 kl. 12.04 sendi Vilhjálmur H. Vilhjálmsson stefndu annað símskeyti svohljóðandi: „Áskilinn er réttur til skaðabóta frá yður, verði Hraðfrystihús Stöðvarfjarðar hf. fyrir tjóni vegna vanefnda á kaupsamningi um bv. Álftafell, SU-100.“

Stefnandi virðist síðan hafa gert skipið út frá 3. janúar 1989 og þar til það var selt Samherja hf. á Akureyri með kaupsamningi og afsali, dagsettu 22. apríl 1989, á 177.646.875 kr., en áður hafði skipið lent í strandi og var nær sokkið á siglingu milli Fáskrúðsfjarðar og Neskaupstaðar, þar sem skipið fór m. a. í slipp.

Hinn 15. júní 1990 sendi lögmaður stefnanda kröfubréf til stefnda. Stefna var síðan gefin út í málinu 1. maí 1991. Í málinu hafa verið nokkrar vangaveltur um samskipti stjórnarmanna stefnda og stefnanda innbyrðis og eins þeirra á milli og þá samskipti þeirra við Vilhjálmi H. Vilhjálmsson, og hefur dómari þessi atriði í huga við úrlausn málsins.

Álit réttarins.

Í málinu er sannað, að 15. desember 1988 sendi stefndi stefnanda tilboð í Álfafell, SU-100, eins og áður er rakið, með skilyrðum, sem rakin eru í tilboðinu. Þessu tilboði svaraði stefnandi með símskeyti 21. desember 1988 með þeirri takmörkun, að stefndi tæki að sér að sjá um það viðhald, sem gera þurfti á skipinu, gegn ákveðnum afslátti, og ljóst var, að skipið yrði ekki afhent á tilsettum tíma svo farið sem í tilboðinu greindi.

Í framhaldi fóru fram samningaviðræður, og virðist stefnandi hafa bundið sig við ákveðna fjárhæð, 5.000.000 kr., í afslátt af söluverði, en ekki er sannað, að samkomulag hafi orðið um það atriði.

Þá hefur verið gert líklegt, að viðgerðakostnaður hefði getað orðið hærri og þar með endanlegt kaupverð lækkað.

Þessu hafa kaupendur ekki viljað una. Verður því að telja, að aðilar hafi ekki náð samkomulagi um það veigamikla atriði, sem söluverðið var, og ber því að líta á símskeytið sem gagntilboð og höfnun hins fyrra frá 15. desember 1988, sbr. 6. gr. laga nr. 7/1936 um samningsgerð, umboð og ógilda löggerninga. En m. a. með hliðsjón af samningafundinum, sem fram fór á annan í jólum á heimili Aðalsteins Jónssonar, er ljóst, að stefnandi mátti ætla, að svar hans í símskeytinu 21. desember var ekki í samræmi við tilboðið frá 15. desember 1988.

Það er því álit réttarins, að með símskeytinu 21. desember 1988 hafi ekki komist á bindandi samningur milli aðila og stefndu því óbundnir af þessum lögskiptum.

Niðurstaða og ákvörðun málskostnaðar.

Með vísun til ofanritaðs ber að sýkna stefnda af öllum kröfum stefnanda.

Eins og mál þetta er vaxið, er þó rétt, að málskostnaður falli niður.

Dóm þennan kveður upp Sigurður Eiríksson, sýslumaður og bæjarfógeti.

D ó m s o r ð:

Stefndi, Þorsteinn Sveinsson sem stjórnarformaður Hólma hf. fyrir hönd félagsins, á að vera sýkn af kröfum stefnanda, Hraðfrystihúss Stöðvarfjarðar hf., í máli þessu.

Málskostnaður fellur niður.